

Nefndarálit

um frv. til l. um heimild til fjárhagslegrar fyrirgreiðslu úr ríkissjóði í tengslum við málshöfðun fyrir erlendum dómstólum vegna íþyngjandi stjórnvaldsákvarðana erlendra stjórnvalda á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008.

Frá allsherjarnefnd.

Nefndin hefur fjallað um málið á fundi sínum. Nefndin telur að það geti varðað miklum almannahagsmunum að úr því verði skorið með málsókn á hendur breskum yfirvöldum hvort aðgerðir breskra stjórnvalda gegn íslenskum lögaðilum á tímabilinu 1. október til 1. desember 2008 hafi brotið gegn lögum. Fyrir liggur að frestur til málsóknar rennur út í byrjun næsta árs.

Nefndin leggur til að frumvarpið verði **samþykkt**.

Ellert B. Schram var fjarverandi við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 19. des. 2008.

Birgir Ármannsson,
form., frsm.

Ágúst Ólafur Ágústsson.

Atli Gíslason.

Sigurður Kári Kristjánsson.

Siv Friðleifsdóttir.

Ólöf Nordal.

Karl V. Matthíasson.

Jón Magnússon.